

1810014 - Samgöngumál

Kynning á drögum að fimmtán ára samgönguáætlun 2020-2034 og fimm ára aðgerðaáætlun 2020-2024

Fræðslunefnd Dalabyggðar lýsir yfir miklum áhyggjum af vegamálum í sveitarfélaginu og krefst þess eindregið að stjórnvöld leggi mun meiri áherslu á endurbætur vegakerfisins í Dalabyggð með öryggi skólabarna að leiðarljósi.

Það er mikil áhersla lögð á markmið um öryggi í samgönguáætlun, að það verði m.a. unnið að styttingu ferðatíma, innan vinnu- og skólasóknarsvæða og að framkvæmdir eigi að taka mið af því. Þrátt fyrir það er hlutur Dalabyggðar ekki mikill í samgönguáætlun og seint farið í þau verkefni. Í Dalabyggð er tíðni umferðarslysa hvað mest af sveitarfélögum á Vesturlandi og þar er eitt hættulegasta vegakerfið á landinu, auk þess sem fá sveitarfélög eru með jafn lágt hlutfall bundins slitlags.

Vegakerfið í Dalabyggð hefur fengið litla athygli stjórnvalda undanfarin ár enda eru vegir í Dalabyggð illa farnir malarvegir að stærstum hluta, með litla þjónustu, slys eru tíð og einbreiðar brýr eru mjög margar, sumar hverjar staðsettar í blindhæðum eða blindbeygjum. Um þessa vegi fara skólabörnirnir hvern skóladag en meirihluti skólabarna Auðarskóla í Búðardal koma úr sveitunum. Það er því ljóst að hvað öryggi varðar þá er ástand vegakerfisins í Dalabyggð algjörlega ólíðandi og ekki í takti við markmið samgönguáætlunar um öryggi.

Fræðslunefnd bendir einnig á að vegurinn um Skógarströnd er mikilvæg hringtenging við Snæfellsnesið og myndu endurbætur á honum ýta undir möguleika á frekara samstarfi við sveitarfélögin og íþróttafélögin þar, sem gæti opnað meiri möguleika í skóla- og tómstundastarfi í Dalabyggð.

Samþykkt samhljóða